

## Hörður Sigurgestsson heiðursdoktor 14.11.2008



### Doctor mercatoriae honoris causa í viðskiptafræðideild

Hörður Sigurgestsson fæddist í Reykjavík 2. júní 1938. Hann lauk cand.oecon prófi frá Háskóla Íslands 1965 og MBA prófi frá Wharton School, University of Pennsylvania 1968. Að námi loknu hóf hann störf í fjármálaráðuneytinu þar sem hann starfaði í 6 ár. Að því loknu var Hörður framkvæmdastjóri fjármálasviðs Flugleiða hf. í 5 ár þar til hann varð forstjóri hf. Eimskipafélags Íslands. Hörður kynnti á vinnustöðum sínum nýjungar í stjórnun sem áttu eftir að hafa víðtæk áhrif í íslensku atvinnulífi. Segja má að hann hafi verið einn fyrsti atvinnustjórnandinn á Íslandi. Hörður réð til starfa mikið af ungu fólki sem útskrifast hafði m.a. frá Háskóla Íslands og þjálfaði það í aðferðum nútíma stjórnunar. Margir þessara einstaklinga áttu eftir að taka að sér mikilvæg stjórnunarstörf í íslenskum fyrirtækjum. Hörður hefur gegnt fjölda trúnaðarstarfa. Hann hefur setið í mörgum stjórnnum, nefndum og ráðum fyrir hið opinbera, einkafyrirtæki og félagasamtök. Nefna má setu í stjórnnum Stjórnunarfélags Íslands, Verslunarráðs Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Pólstækni hf. og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Hörður hefur lengi átt samleið með Háskóla Íslands. Á námsárum sínum sat Hörður í stúdentaráði og var framkvæmdastjóri þess. Hann var um tíma hóteltjóri Hótel Garðs og formaður stjórnar Bóksölu stúdenta. Á áttunda áratugnum var hann prófdómari við viðskiptadeild Háskóla Íslands. Hann sat lengi í stjórn Háskólasjóðs hf. Eimskipafélags Íslands. Hann sat í stjórn Tækniþróunar hf. 1985-88 og í nefnd menntamálaráðherra um málefni Háskóla Íslands 1985-86. Hörður sat í háskólaráði 1962-1963 sem fulltrúi stúdenta og aftur 1999-2003 sem fulltrúi þjóðlífs skipaður af menntamálaráðherra. Hörður sat í húsnæðis- og skipulagsnefnd Háskóla Íslands 2001-2003 og hefur verið formaður stjórnar Landsbókasafns - háskólabókasafns frá 2002 og stjórnarformaður Landskerfis bókasafna ehf. frá 2003.

Af þessum sökum telur Háskóli Íslands sér það sæmdarauka að heiðra Hörð Sigurgestsson með nafnbótinni doctor mercatoriae honoris causa.

Sé það góðu heilli gjört og vitað.